

Húsnæðislausnir á Bíldudal

Verkefnið gengur út á að kostnaðargreina núverandi lausnir á byggingu á ódýru húsnæði. Slíkt er nauðsynlegt þar sem markaðsverð fasteigna er töluvert undir byggingarkostnaði í dreifðum byggðalögum þar með talið á Bíldudal/Vesturbyggð. Það er fyrirsjáanleg spenna á fasteignamarkaði sem þarf að bregðast við vegna atvinnuuppbyggingu sem er að eiga sér stað á Sunnanverðum Vestfjörðum og hefur verkefnið það markmið að koma fram með raunhæfar lausnir sem búið er að kostnaðargreina sem sveitarfélög og einkaaðilar geti tekið til greina sem byggingarvalkost. Einnig þarf að vinna í því að vannýtt íbúðarhúsnæði komist í leigu/sölu ásamt því að sjá til þess að það fáiist lóðir innan bæjarmarka.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr. árið 2015.